



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023

MYNL3TB05

Kennari	Íris Jónsdóttir	
Viðtalstími	Mánudagar frá kl. 10:30 til 11:10	
Námsefni	Efni frá kennara	
Áfangalýsing	Markmið áfangans gengur út á að efla þrjá meginþætti. Teikningu sem tjáningarmiðil, með notkun mismunandi teikniefna og verkfæra. Myndgreiningu þar sem nemendur læra að formgreina listaverk og dýpka þannig skilning sinn á sjónrænum forsendum myndverka. Myndbyggingu þar sem nemendur læra að byggja upp eigin verk í form og lit. Mikil áhersla verður lögð á skissuvinnu og leit að myndefni.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Dæmi: Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaeinkunn í áfanganum: Færri en 10 fjarvistir í raunmætingu og vetrareinkunn 8,5 eða hærri. Athugið að ekki skiptir máli hver er ástæða fjarvistar (veikindi, þar með talin vottorð, leyfi eða annað).		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Tímaverkefni		50%
	Skissubók		30%
	Virkni		10%
	Raunmæting		10%

Reglur áfanga	Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir, skili á réttum tíma og mæting uppfylli mætingareglur FS. Ath. Breyting á skráningu mætinga verður ekki gerð nema í eina viku frá skráningu. Slökkt skal vera á farsínum í kennslustund.
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Efnisgjald; sjá Innu Það sem nemandi þarf að kaupa: Blýantar HB, 2B og 6B Strokleður og yddari Akrýllitir - grunnlitir Skissubók
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Ólíkum teikniaðferðum - Ólíkum efnum til myndgerðar - Ferilvinnu frá skissu til verks - Formrænum reglum myndbyggingar - Hugtökum til rökstuðnings á vali fyrirmynda og sjónarhorna - Hugtökum til að setja verk sín og annarra í listsögulegt samhengi	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Nota mismunandi áhöld í teikningu - Ná góðu valdi á frásagnarmáta teikningar - Ná góðu valdi á listrænni tjáningu í teikningu - Nýta sér reglur um formræna myndbyggingu - Nota liti - Rökræða um listaverk - Nýta sér ljósmyndun við leit að viðgangsefnum - Ræða og kynna verk sína og annarra - Nota stafræna tækni við efnisöflun og útfærslu hugmynda
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Geta beitt mismunandi teikniaðferðum eftir því hvert viðfangsefnið er - Sýna fram á að hann skilji lögmál formrænnar uppbyggingar myndverka - Meta tengsl inntaks og formrænnar framsetningar listaverka - Rökstyðja myndbyggingu eigin myndverka - Beita gagnrýnni hugsun við túlkun og úrvinnslu listaverka - Vera fær um að byggja upp markvisst þróunarferli frá hugmynd að mynd - Taka þátt í gagnrýnni umræðu um eigin verk og annarra	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Rannsóknarvinna	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. skil	12 klst.	12 klst.
Alls		114 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
9. vika 3. - 9. Mars <i>Miðannarmat</i>	Kynning á kennsluáætlun Frjáls teikning, læra að beita teikningu sem fjölbreyttum tjáningarmiðli og öðlast færni í að þróa hugmyndir í allar áttir. Athuga myndbyggingu, form, liti og lögun, ljós og skugga og efnisáferð.	4 skissur á viku heima alla önnina
10. vika 10. - 16. mars	Framhald á teikningu..	8 skissur
11. vika 17. - 23. mars	Myndbygging, myndir byggðar upp í formi og lit. Uppröðun forma og lita skoðuð með uppstillingum og nemendur skissa og sýna markvissa þróunarvinnu í að skoða formin. Klippimyndir, ljósmyndir teikning og málun.	12 skissur
12. vika 24. - 30. mars <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Framhald á myndbyggingu...	16 skissur
13. vika 11. - 17. apríl	Myndgreining, nemendur velja verk eftir ákveðinn listamann sem þeir ætla að vinna með. Listaverkið formgreint og fjallað um það í skriflegu verkefni. Nemendur skissa síðan út frá myndverkinu sína eigin tillögur og hugmyndir og útfæra það síðan og sýna fram á markvissa þróunarvinnu.	20 skissur
14. vika 18. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Framhald á myndgreiningu...	24 skissur
15. vika 26. - 3. maí	Framhald á verkefni...	28 skissur
16. vika 4. - 10. maí	Frágangur og skil á verkefnum og skissubók.	32 skissur

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Íris Jónsdóttir